



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. júní 2019

USK2019060001

Borgarráð

### ***Hjólreiðaáætlun 2019.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að ljúka hönnun og bjóða út framkvæmdir vegna verkefna hjólreiðaáætlunar 2019.

Verkefni eru að hluta samstarfsverkefni með Vegagerðinni.

Kostnaður er áætlaður 530 mkr. Þar af er hluti Reykjavíkur 450 mkr.

Greinargerð:

Áformað er að gera um 2,4 km af nýjum hjólastígum á árinu 2019. Hluti stíganna eru samstarfsverkefni með Vegagerðinni sem þá greiðir helming kostnaðar. Hjólastígar eru aðgreindir frá umferð gangandi og akandi þar sem því er við komið.

Um er að ræða eftirfarandi verkefni:

- Eiðsgrandi frá bæjarmörkum Seltjarnarness að dælustöð við Keilugranda. Nýr hjólastígur aðgreindur frá gangandi umferð.
- Bústaðavegur milli Háaleitisbrautar og brúar yfir Kringlumýrarbraut. Nýr hjólastígur norðan Háaleitisbrautar aðgreindur frá gangandi umferð.
- Elliðaárdalur. Stekkjarbakki að stíg við Fagrahvamm. Nýr hjólastígur aðgreindur frá gangandi umferð.
- Elliðaárdalur. Lagfæringar/endurbætur á stíg milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka.
- Geirsgata við Miðbakka milli Lækjargötu að Pósthússtræti. Nýr hjólastígur aðgreindur frá gangandi umferð.
- Víðidalur. Nýr göngu- og hjólastígur stígur frá Vallarási að stígakerfi Elliðaárdals við Klapparás.
- Hjólateljarar, hjólaskilti o.fl.
- Undirbúningur og forhönnun vegna verkefna næsta árs
- Eftirstöðvar verkefna frá fyrra ári.

Kostnaðaráætlun 2: 450 mkr. (hluti Reykjavíkur).

Kostnaðarstaður: 3106.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

